

Ed.

689. Nefndarálit

[197. mál]

um frv. til l. um veitingu prestakalla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Minni hl. telur að söfnuðir eigi að halda rétti sínum til að kjósa presta. Í fjölmönnum prestaköllum væri það gífurlegt verk að safna undirskriftum fjórðungs atkvæðisbærra manna í prestakallinu til að óska eftir kosningu eins og ráð er fyrir gert í frumvarpinu og óvinnandi verk á sjö dögum.

Kjörmenn við val á sóknarpresti samkvæmt frumvarpinu verða sóknarnefndarmenn, oftast fimm menn. Breytingin, sem felst í þessu frumvarpi, er ólýðræðisleg og spor aftur á bak.

Ljóst er að mikill ágreiningur er um hvort söfnuðir eigi áfram að kjósa presta eða ekki. Í skoðanakönnun meðal sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa vildu flestir, eða 267 sem svöruðu á gildan hátt af 597, halda óbreyttu fyrirkomulagi, 115 vildu að ráðherra skipaði presta að fenginni umsögn sóknarnefnda og biskups, 76 vildu það fyrirkomulag sem fólst í frumvörpum frá árunum 1972 og 1976, en 104 kusu helst þá skipan mála sem felst í þessu frumvarpi.

Með hliðsjón af málavöxtum leggur minni hl. til að frumvarpi þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 23. febr. 1987.

Ragnar Arnalds.